



ÍÐNSKÓLINN
Í HAFNARFIRÐI

Alþingi

Erindi nr. P 139/1880

komudagur 31. 3. 2011



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um menntun og atvinnusköpun ungs fólks, 449. mál.

Undirritaður fagnar því að sjónum Alþingis skuli vera beint að þeim mikla vanda sem er í íslensku samfélagi er kemur að langvarandi atvinnuleysi ungs fólks og lágu menntunarstigi. Hins vegar er þingsályktunartillagan mjög víðtæk og ruglingsleg þar sem saman eru sett ólík verkefni og úrlausnarefni. Gefur þetta tilefni til varnaðarorða því hætta er á að verkefnið fari í handaskolum sé lagt af stað með það á mörgum ólíkum og jafnvel óskyldum forsendum.

Í þingsályktunartillögunni eru nefnd nokkur viðamikil verkefni, þ.e. að:

- vinna bug á langtímaatvinnuleysi meðal ungs fólks
- efla iðn- og tæknimenntun
- auka framboð iðn- og tæknimenntaðs fólks á vinnumarkaði
- auka framboð náms í iðn-, raun- og tæknigreinum fyrir unga atvinnuleitendur.
- gera samninga við atvinnurekendur um að ráða til vinnu unga atvinnuleitendur sem hafa farið í gegnum nám sem að ofan greinir.

Úr greinargerð með þingsályktunartillögunni má lesa að lausnín felist í að ná til ungs atvinnulauss fólks og munstra það inn í stutta útgáfu af iðn- og verknámi. Í annan stað er rætt um að efla iðn- og verknám að því er virðist í þeim tilgangi að taka á móti þessum hópi ungs fólks. Nauðsynlegt er að benda á í þessu sambandi að iðn- og verknám á Íslandi hefur átt undir högg að sækja í marga áratugi og verið fjársvelt í menntakerfinu. Í síðasta iðnskóla Íslands, Íðnskólanum í Hafnarfirði, sem hefur verið starfræktur frá árinu 1928, hefur um árabíl verið óskað eftir því að stækka aðstöðu fyrir verknám, bæta aðstöðuna og auka þannig gæði námsins. Það hefur ekki gengið eftir. Skólinn býr yfir mikilli þekkingu varðandi iðnnám, góðum og reyndum kennurum sem hafa langa reynslu af vinnu með ungt ráðvilt fólk jafnt sem staðfasta ákveðna nemendur.

Undirritaður, skólameistari Íðnskólans í Hafnarfirði, hlýtur að mótmæla því að nú eigi að efla iðnnám á þeirri forsendu að koma þurfi atvinnulausu ungu fólki inn í framhaldsskóla. Virðist sem lagt sé af stað með þetta umbótaverkefni algerlega á röngum forsendum. Til að efla iðnnám þarf að bæta alla aðstöðu fyrir kennslu í iðngreinum. Til að mæta þörfum ungs fólks sem ekki hefur náð að mennta sig og er atvinnulaust þarf sértæk menntaúræði sem miða að sjálfstyrkingu og að skapa almennt öryggi og trú á tilveruna. Til að mæta þörfum atvinnulífsins varðandi vinnuafi



Í framtíðinni verður að treysta alla fagmennsku við að mennta iðn- og tæknimenntað fólk. Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir allt of skömmum tíma í verkefnið.

Til að gera framhaldsskólum kleift að vinna með ungt fólk sem er rótlaut og á í erfiðleikum í sínu lífi þarf að aftengja reiknilíkan framhaldsskóla sem skammtar rekstarfé eftir fjölda nemenda sem skila sér til prófs. Gera þarf ungu fólk kleift að sækja styttri námsbrautir sem veita hærri laun þegar út í atvinnulífið er komið.

Það er mín ábending að þingsályktunartillagan verði gerð að þremur aðskildum þingsályktunartillögum vegna þess að leiðir að úrlausnum þeirra mála sem liggja til grundvallar þingsályktunartillögunni eru um margt mjög ólíkar. Það er ekki til heilla að hræra þessum þremur stóru málaflokkum saman í einn pott og reyna að sjóða saman einn lausnarrétt. Viðhorf margra Íslendinga er nú þegar þannig í garð iðn- og verknáms að það er ekki á það bætandi að Alþingi Íslendinga álykti að þar sé best að beina ungu atvinnulausu fólk til lausnar atvinnuleysisinu og mannaflapörf atvinnulífsins á næstu árum.

Einnig er rétt að benda á hversu tími og fjármagn í framhaldsskólakerfinu á Íslandi er illa nýtt með að láta nemendur sitja í fjögur ár að jafnaði í námi til stúdentsprófs. Þarna má áætla að rúmur miljarður renni úr ríkissjóði fyrir lítið á ári hverju á sama tíma og iðn- og tækninám líður fjárhagslegan skort. Nú þegar hefur verið hannað kerfi á Íslandi, sem hefur sannað sig, sem gerir nemendum kleift að ljúka stúdentsprófi á þremur árum á eðlilegum námshraða. Það er ekki víst að Alþingismenn geri sér ljóst að virkur kennslutími í framhaldsskólum á Íslandi er nú 7 mánuðir á ári. Flestir framhaldsskólar landsins eru með 1 til 4 virka kennsludaga eftir 15. apríl í ár. Kennsla hefst aftur í lok ágúst. Væri óskandi að þetta atriði yrði einnig tekið til rækilegrar skoðunar við fyrirhugaða vinnu við að þjónusta unga fólk.

Nauðsynlegt er að skoða menntakerfið í heild sinni til að bregðast á skynsaman hátt við aðsteðjandi vanda. Það er ekki eftir neinu að bíða með breytingar í átt að skólakerfi eins og öll nágrannalönd Íslands hafa haft í áratugi með góðum árangri.

Hafnarfirði 31. mars 2011.

Virðingarfyllst,

Ársæll Guðmundsson, skólameistari